

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 131

3. apríl 2024

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í húsnæði skólans miðvikudaginn 3. apríl 2024 kl. 8:30.

Mætt eru: Bergur Þorgeirsson, Helga Margrét Friðriksdóttir (í forföllum Flosa Sigurðarsonar), Bjarki Þór Grönfeldt, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari. Gestur fundarins var Pétur Örn Björnsson hjá Kapital ráðgjöf sem tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað og Signý Óskarsdóttir verkefnastjóri skólalárnar.

Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson

1. Fundargerð síðasta fundar borin undir fundarmenn

Formaður stjórnar setti fundinn. Engar athugasemdir bárust vegna fundargerðar síðasta stjórnarfundar og var hún samþykkt.

2. Ársreikningur 2023

Skólameistari fór yfir framlagðan ársreikning Menntaskóla Borgarfjarðar fyrir árið 2023. Tekjur og rekstrargjöld voru hærrí en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Á árinu var farið í ýmsar aðgerðir með það að leiðarljósi að hagræða í rekstri, sem hefur haft jákvæð áhrif á niðurstöðu rekstrarreikningsins. Niðurstaða ársreikningsins eru rekstrarafgangur upp á rúmar 6,6 m.kr.

Umræður fóru fram um einstaka liði ársreikningsins og var endurskoðandi til svara. Ársreikningur fyrir árið 2023 var borinn upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

3. Pétur Örn Björnsson frá Kapital ráðgjöf fer yfir endurskoðunarskýrslu.

Pétur Örn Björnsson hjá Kapital ráðgjöf fór yfir skýrslu endurskoðenda og einstaka liði hennar. Umræður fóru fram í kjölfarið og skólameistara falið að fylgja eftir þeim ábendingum að úrbótum sem nefndar voru í skýrslunni.

Pétur vék af fundi.

4. Skólaþróun

Signý Óskarsdóttir verkefnastjóri skólaþróunar fór yfir skólaþróunarverkefni við MB. Farið var yfir framtíðarhorfur í skólaþróunarverkefninu og hvernig skólinn gæti viðhaldið sérstöðu sinni. Mikill utanaðkomandi áhugi hefur verið á verkefninu og hafa margir gestir komið og kynnt sér verkefnið hjá MB. Stjórn fagnar hversu vel hefur gengið og hversu mikla jákvæða athygli verkefnið hefur vakið.

Hlé

Tekið var stutt hlé og starfsfólk MB heimsótt á kaffistofu skólans.

5. Aðalfundur 2024

Farið var yfir skipulag fyrir aðalfund MB. Lögð er fram tillaga að aðalfundur verði haldinn miðvikudaginn 8. maí klukkan 12:00.

Formanni og skólameistara var falið að undirbúa fundinn.

6. Skólastarfið

Skólameistari fór yfir almennt skólastarf á vorönn 2024. Rætt um starfsmannamál og fyrirsjáanlegar ráðningar. Þann 17. apríl verður nýsköpunarráðstefna, starfsmannaferð til Írlands er áætluð í lok mánaðarins og margt fleira.

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru borin upp.

Fleira var ekki gert og fundi lauk 10:51.